# VERKALÝÐSBLAÐIÐ

ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

**Greiðið áskriftina gíró 12 200-9**

*Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)* 5.tbl. 4.árg. 14.mars-4.apríl 1978 100 kr.


## Samfylking 1. mai stofnuð!

# Til barátttu gegn auðvaldi og stéttasamvinnu

Frá göngu SAMFYLKINGAR 1.MAÍ 1977 á Akureyri.
(Mynd:Verkalýðsblaðið)

- EINING Á GRUNDVELLI STÉTTABARÁTTU!
- GEGN STÉTTASAMVINNUNNI – ENDURREISUM STÉTTARFÉLÖGIN SEM BARÁTTUTÆKI!
- GEGN ÁRÁSUM RÍKISVALDSINS Á GERÐA KJARASAMNINGA!
- KVENNABARÁTTA Á GRUNDVELLI STÉTTABARÁTTU!
- SAMSTAÐA NÁMSFÓLK – VERKAFÓLK!
- GEGN ALLRI HEIMSVALDASTEFNU – VERJUM SJÁLFRÆÐI ÍSLANDS!
- LÁGMARKSLAUN FYRIR DAGVINNU KR. 145 ÞÚS!
- GEGN FJÖLDAUPPSÖGNUM KVENNA!
- GERUM HAGSMUNASAMTÖK NÁMSMANNA AÐ BARÁTTUTÆKJUM!
- GEGN YFIRGANGS- OG STRÍÐSSTEFNU RISAVELDANNA BANDARÍKJANNA OG SOVÉTRÍKJANNA!
- ÍSLAND ÚR NATO – HERINN BURT!
- TIL BARÁTTU FYRIR SÓSÍALÍSKU ÍSLANDI!

Sjá bls. 3

## Fjölmenni á 8. marsfundi

Baráttufundur 8. mars hreyfingarinnar var haldinn í Tjarnarbúð kl. 20[30] 8. mars. Fundinn sóttu um 350 manns og voru það langtum fleiri en rúmuðust í sæti og urðu margir að sitja á gólfinu eða standa. Mikill baráttuandi ríkti á fundinum og voru allir sammála um að fundurinn hefði heppnast hið besta. Á dagskrá voru tvær ræður, önnur ræða kvöldsins, hin var ræða sem gestur fundarins frá Kvinnefronten í Noregi flutti. Einnig var á dagskrá kórsöngur, upplestur og leikþátturinn Geirshólmi hf. sem vakti mikla kátínu meðal fundargesta. Á starfi 8. mars hópanna má sjá að það eru fjöldinn allur af konum (og reyndar körlum líka) sem eru tilbúin til að taka virkan þátt í baráttunni fyrir frelsun kvenna þar sem hagsmunir verkakvenna eru í fyrirrúmi en öllum borgaralegum stefnum í kvennabaráttunni hafnað.

fréttaritari.

## Sovétríkin burt frá Afríku-horninu

Hermenn EPLA (Eritrean people´s liberation army) á einum af 10 sovésku skriðdrekanna af gerðinni T-54, sem teknir voru í Massawa 12.des. sl.

Sjá bls 7

## Kjósum samninga- og verkfallsnefndir úr félögunum

# Verkafólk tökum stjórn aðgerða í eigin hendur

Ein af grundvallarkröfum EIK (m-l) í kjarabaráttunni er: Gerum verkalýðsfélögin að baráttutækjum! Reynslan sýnir að nú eru langflest verkalýðsfélög óvirk skrifræðisbákn og forystukjarninn í stærstu félögum og Alþýðusambandinu er annað hvort uppkeyptir þjónar auðstéttar og ríkisvalds eða beinlínis hluti af borgarastéttinni vegna stöðu sinnar í auðvaldskerfinu. Það er ekki von á góðu þegar staðreyndir málsins eru slíkar. Við getum því slegið því föstu nú þegar, að alger forsenda sigursællar og árangursríkrar kjarabaráttu er að hreinsað verði til í verkalýðshreyfingunni og baráttustefna gegn auðvaldi og stéttasamvinnu leysi af hólmi samvinnulipurð og makk við auðvaldið, stéttasamvinnustefnuna. En einhvers staðar þarf að byrja verkið. Fyrstu skrefin gæti verkafólk stigið nú með því að safna undirskriftum og krefjast félagsfunda í stéttarfélögum sínum. Þar verði kosnar samninga- og verkfallsnefndir fyrir félög og og sérgreinasambönd, en hafnað samfloti við ASÍ í komandi samningum. Grundvallarkjarakrafan sem sett verði á oddinn í samningunum verði kr. 145 þúsund í lágmarkskaup fyrir dagvinnu (þessi upphæð miðast við framfærslukostnað 1. febr.

Framhald á bls. 3

**Styðjum uppbyggingu Verkalýðsblaðsins! Söfnum milljón fyrir 1.mai giró 12200-9**

VERKALÝÐS BLAÐIÐ
ÁSKRIFENDUR OG KLÚÐUR ALLRA LANDA SAMEINIST!

# FRAM TIL 1.MAÍ.

Glæsilegur baráttufundur 8.marz-hreyfingarinnar er að baki, en fundurinn og starfið fyrir hann eru aðeins fáein stutt en afar mikilvæg, skref á langri gönguferð. Nú er mikilvægt að meta reynsluna úr starfi okkar fyrir 8. marz, draga fram í dagsljósið jákvæðar og neikvæðar hliðar starfsins í því skyni að gera betur. Við látum ekki staðar numið hér og nú, heldur höldum ótrauð áfram, treystum kjarna baráttufólks, sem myndast hefurí samfylkingarstarfinu undanfarna mánuði og ár og undirbúum þegar í stað sókn til nýrri og enn stærri sigra.

Allir dagar sem við lifum eru baráttudagar, en af ýmsum ástæðum drögum við visssa daga ársins út úr og miðum okkar starf að miklu leyti við þá. Dæmi um þetta eru dagarnir 21.ágúst (innrásardagurinn í Tékkóslóvakíu), 1. desember (fullveldisdagurinn) og 8.marz.

Næstur í röðinni er alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins, 1.maí. Um þessar mundir er verið að stofna Samfylkingu 1.maí í Reykjavík, og síðar á Akureyri. Hún mun gangast fyrir baráttuaðgerðum 1. maí gegn auðvaldi, stéttasamvinnu og heimsvaldastefnu í öllum hennar myndum. EIK(m-l) á frumkvæði að myndun Samfylkingar 1.maí og samtökin eru leiðandi afl innan hennar. Starf í Samfylkingu 1.maí og starf að útbreiðslu og skipulagningu í hennar þágu, eru mikilvægustu verkefni allra félaga og stuðningsmanna EIK(m-l) fram til 1.maí. Mikilvægt er að virkja sem flest fólk úr starfi 8. marz-hreyfingarinnar, 1.des- og 21.ágúst-nefnda í áframhaldandi starf í Samfylkingu 1.maí og tengja þannig starf þessara samfylkinga hinni víðtæku baráttu sem tengist degi verkalýðsins, 1.maí.

Þá er mikilvægt að félagar og stuðningsmenn skipuleggi vel starf sitt fyrir 1.maí í því augnamiði að tengja þetta starf áróðri fyrir því að verkafólk og baráttusinnar hunsi kosningarnar í vor, skili auðu. Einnig að tengja 1. maí starfið afhjúpunum á svikum borgaralegu flokkanna og stéttasamvinnupáfunum í verkalýðsforystunni og kynna og starfa í samræmi við verkalýðsmálastefnu EIK(m-l).

Allt þetta starf og öll þessi barátta eru mikilvægir liðir í því að afla samtökunum trausts meðal fjöldans, rótfesta samtökin í verkalýðsstéttinni og styrkja forystuhlutverk kommúnistanna í faglegri og pólitískri baráttu verkalýðs og launafólks. Allt þetta starf og öll þessi barátta eru því mikilvægir og óhjákvæmilegir þættir í því að byggja raunverulegt forystuafl verkalýðs og alþýðu - marx-lenínískan kommúnistaflokk.

# HERÐUM RÓÐURINN

Aðeins fáeinar vikur eru nú til 1.maí, en þá á að ljúka 1 milljón kr. söfnun til prentverks fyrir Verkalýðsblaðið og EIK(m-l) og 200 áskrifenda söfnun fyrir Verkalýðsblaðið. Enn vantar mikið upp á að mörkum hafi verið náð. Allir félagar og velunnarar Verkalýðsblaðsins og samtakanna verða nú að leggjast á eitt og herða róðurinn þessar vikur sem eftir eru. Sérstaklega er mikilvægt að efla söfnun peninga utan samtakanna, bjóða áskrifendum og kaupendum, vinum og kunningjum að styrkja blaðið með framlagi og bjóða kaupendum áskrift. Margar hendur vinna létt verk.

Framkvæmdastjórn
Miðstjórnar.

## ÁSKRIFTA SÖFNUN — PRENTVÉLAR SÖFNUN




## 200 áskrifendur fyrir 1.mai

Áskriftaherferð Verkalýðsblaðsins hefur nú staðið yfir í nær eitt ár. Sá áfangi sem nú stendur yfir hófst um áramót. Á þessum tíma hefur áskrifendum fjölgað mikið og hafa safnanirnar gengið þolanlega vel. EN BETUR MÁ GERA. Með aukinni reynslu í söfnunarstarfinu færist nýr kraftur í safnanirnar. Einn félagi,sem selt hafði blaðið nokkuð lengi í hverfi í Reykjavík,hafði aldrei spurt kaupendur um áskrift,en fékk strax fimm áskriftir í söluferð þegar hann loks ákvað að spyrja. Annar félagi tók upp á því að spyrja allflesta,sem hann seldi blaðið um áskrift og fékk fjóra áskrifendur á stuttm tíma. Fleiri hafa svipaða reynslu að segja frá.

Margir sem ekki vilja gerast áskrifendur,eru samt tilleiðanlegir til að gerast ½árs áskrifendur til reynslu. Flestir halda áfram að vera áskrifendur. Það er því mjög mikilvægt að bjóða líka ½árs áskriftina.

HVERS VEGNA ÁSKRIFANDI?

Að vera áskrifandi hefur marga kosti umfram það að kaupa blaðið í lausasölu. Þú færð blaðið beint heim í pósti og þú tryggir þér öll tölublöð og þú ert virkur þátttakandi í að byggja upp raunverulegt verkalýðsblað. Áskrifendur er sú undirstaða sem við byggjum Verkalýðsblaðið á. Verkalýðsblaðið hefur sett sér markmið að verða vikublað í náinni framtíð. Gangi áskriftasafnanir áfram eins og hingað til,þá verður ekki langt þangað til Verkalýðsblaðið kemur vikulega. STYTTUM ÞENNAN TÍMA - HERÐUM SÖFNUN ÁSKRIFENDA.






Nú fer að líða að því að prentsmiðja Verkalýðsblaðsins og EIK (m-l) taki til starfa. Það er verið að leggja síðustu hönd á verkið.

Fjársöfnunin til að standa straum af kostnaðinum og til að tryggja reksturinn hefur gengið sæmilega,en þó alls ekki nógu vel upp á síðkastið. Við höfum ærna ástæðu til að ætla að talsvert af peningum,sem ætlaðir eru í söfnunina liggi enn hjá ykkur. GERIÐ SKIL STRAX. Ennfremur skorar Verkalýðsblaðið á stuðningsfólk að setja sér fast ákveðið söfnunarmarkmið fyrir 1.maí. Það er miklu auðveldara að safna þegar maður hefur ákveðið markmið.

Reynsla sú sem þegar er komin af söfnuninni sýnir að hægt er að nota margar aðferðir við söfnun. T.d. eru nú þegar allmargir sem gefa reglulega upphæðir 1000 - 5000 kr. á mánuði Við skorum á enn fleiri að senda reglulega.

Einn stuðningsmaður efndi til söfnunar í afmælisveislu og fékk rúmlega 5000 kr. og annar seldi allar gosflöskur á heimilinu og lét andvirðið renna í söfnunina.

Fyrir nokkru barst okkur bréf með rúmum 6000 kr. Bréfritari sagði að peningarnir væru eins mánaðar samskot á heimilinu.

Notið hugmyndaflugið við söfnun og verið óhrædd við að leita eftir peningagjöfum hjá fólki.

GERUM VERKALÝÐSBLAÐIÐ ENN ÖFLUGRA!

# Til áskrifenda

Í síðasta tbl. birtist frétt um mótmæli Verkalýðsblaðsins og annarra blaða vegna mikillar hækkunar sem varð á póstgjöldum blaða.

Nú hefur það fengist í gegn að póstgjöld hafa verið lækkuð fyrir landsmálablöð og önnur minni blöð þannig að nú njóta þau sama afsláttar og dagblöð. Þetta hefur orðið til þess að ekki er nauðsynlegt að hafa áskriftargjöld kr. 3.ooo. fyrir árið, eins og áður hefur verið tilkynnt. Er áætluð áskrift að Vbl. nú kr. 2.5oo fyrir 12 mánuði. Ekki þykir fært að fara neðar með gjaldið, því að vitað er að aðrir kostnaðarliðir í sambandi við blaðið koma til með að hækka á árinu og einnig er stefnt að því að gera blaðið að vikublaði sem allra fyrst.

Áskriftargjöld að Vbl. eru því þannig:

Innanlands kr. 2.5oo
Erlendis kr. 4.ooo

Áskrift til aldraðra og öryrkja 1.3oo. Þeir áskrifendur sem þegar hafa greitt kr. 3.ooo fyrir ársáskrift geta haft samband við blaðið og fengið endurgreitt það sem þeir hafa greitt umfram áðurnefnd gjöld. (Pósthólf 5186, gíró 12200-9 eða í síma 29212 frá kl. 17-19 daglega). Þeir sem greitt hafa gjöldin á gamla verðinu og hafa ekki samband álítum við vilja vera áskrifendur lengur en eitt ár, þ.e. áskrift þeirra mun gilda í 1 ár og 3 mánuði.

Við biðjumst velvirðingar á þessum hringlanda, sem Póstur og sími á mesta sök á og vonum að nú hafi þetta mál komist endanlega á hreint.

# Leiðrétting við SÍNE-grein 3. tbl.

Mér hefur verið bent á að í grein minni í 3.tbl. er ónákvæmlega til orða tekið um stjórn SÍNE, Ég læt að því liggja að stjórnarmennirnir í SÍNE séu allir Fylkingarfélagar og þar með yfirlýstir trotskíistar. Þetta er ekki rétt. Formaður SÍNE Bragi Guðbrandsson, er ekki í Fylkingunni og hef hefur ekki lýst yfir almennum stuðningi við hana. Hins vegar hefur hann skrifað undir stefnu Fylkingarinnar í málefnum námsmanna og er það ástæða þess að mér varð á að kalla hann "trotta" í þessu samhengi. Ég geri að sjálfsögðu sjálfsgagnrýni á þetta og bið lesendur afsökunar. Ljótustu pólitísku orðin á maður ekki að nota nema um þá sem eiga þau fyllilega skilið...

Hins vegar mætti benda Braga á að besta ráðið til að menn rugli honum ekki þannig saman við trottana er að hann aðgreini sig frá þeim í starfi, þ.e. í námsmannabaráttunni. SÍNE-félagar bíða spenntir.

SÍNE-fréttaritari

# „Stéttabaráttan" fer á kostum

ÞÖGN ER SAMA OG SAMÞYKKI

Undanfarnar vikur hafa birst á víxl greinar í Vbl og Stéttabaráttunni (málgagni "KFÍ/ML"). Stb.hóf syrpuna með ákærum um "skemdarverkastarf" EIK(m-l) í Dagsbrún. Ekki gat greinarhöfundur (GHB) haft sig í að svara Vbl., þegar honum hafði verið svarað.

Hann semur þess í stað nýja langloku í 8.tbl. Stéttabaráttunnar - "EIK(m-l) sundrungarafl meðal alþýðunnar". Þar eruspurningar og rök Vbl. sniðgengnar vandlega, en birt bréf félaga "KFÍ/ML" til Dagsbrúnarforystunnar. Í því er óskað eftir sætum þriggja fulltrúa á 8. þingi Verkamannasambandsins og lofað að "ekki komi til ágreinings um fulltrúaskipan Dagsbrúnar" verði sætunum úthlutað. Í Vbl. var þeirri spurningu varpað fram hvers vegna félagar "KFÍ/ML" á þinginu greiddu kjaramálaályktun stéttasamvinnuforystunnar sín atkvæði. Stb. þegir þunnu hljóði en notar sjálfhól svo sem að kalla félaga "KFÍ/ML" "raddir baráttunnar" til að komast hjá svari og fela góðlátlegt nöldur þeirra um skort á lýðræði o.fl.

AFSTAÐAN TIL ENDURSKOÐUNARSTEFNUNNAR

Falsmarxisminn - endurskoðunarstefnan - er helsta stoð borgarastéttinni og afturhaldinu innan verkalýðshreyfingarinnar. Afstaða "KFÍ/ML" til endurskoðunarstefnunnar fellur eins og hönd í hanska þeim öflum í hag. Það sést m.a. á því að GHB undrast að EIK(m-l) skuli leggja mikla áherslu á baráttuna gegn stéttasamvinnuforkólfunum nú þegar auðstéttin og ríkisvaldið gera stórárás. Ekki er það nema von því GHB og co líta á endurskoðunarsinna t.d. í Dagsbrúnarforystunni sem nothæfa í baráttunni, en EIK(m-l) líta á einangrun þeirra sem forsendu fyrir árangri.

GHB. segir Samtök herstöðvaandstæðinga (SHA), "vinstri"-stúdenta, útgáfufyrirtækið Gagn og gaman,vera hreyfingar meðal alþýðunnar og þar séu andstæður sættanlegar. Víst eru þær það, en andstæður milli virkra endurskoðunarsinna á borð við helstu leiðtoga "vinstri"-stúdenta, marga miðnefndarmenn SHA.,verkalýðspáfanna og svo fjöldans eru ekki dæmi um slíkar andstæður.

Þessar ofangreindu andstæður eru andstæður milli alþýðunnar og vikapilta afturhaldsins. Þær eru ósættanlegar.

EIK(m-l) berjast því ósættanlegri baráttu gegn þessu þjónustuliði, en samfylkja með fjöldanum, sem skiptist í marga hópa hvað varðar stéttvísi.

"KFÍ/ML" samfylkir hins vegar í verki með endurskoðunarsinnum eða beinir starfi framhjá þeim. EIK(m-l) afmarka sig frá "flokknum", Fylkingunni og Alþýðubandalaginu - það er ekki einangrunarstefna, heldur fjöldastefna.

HENTISTEFNAN LJÓSLIFANDI

Flestir sem til þekkja vita að dylgjur Stb. um klofningsstarf EIK(m-l) í fjöldahreyfingunni eru ósannar. Starf samtakanna beinist að því að þróa fram rétta stefnu fjöldasamtaka í baráttu við hentistefnuliðið sem reynir að nýta sér þau. Í nær öllum tilvikum starfa félagar EIK(m-l) innan fjöldahreyfinga.

EIK(m-l) áttu frumkvæðið að 21.ágúst-nefndinni. Hún bauð miðnefnd SHA samvinnu Henni var hafnað, en stuðningsmenn 21.ágúst-nefndarinnar tóku þátt í aðgerðum SHA. Í deilunum sátu fél. "KFÍ/ML" beggja vegna deiluborðsins.

EIK(m-l) áttu frumkvæði að stofnun 1.des-nefndar sem hélt glæsilegan baráttufund eftir að fél.EIK-(m-l) í H.Í. reyndu árangurslaust að bera fram starfstillögur meðal "vinstri"-stúdentum gegn báðum

Framhald á baksíðu

gerist áskrifendur

# Gerum stéttarfélögin að baráttutækjum

# Til baráttu gegn auðvaldi og stéttasamvinnu

## Samfylking 1. maí

SAMFYLKING 1. MAÍ hefur verið stofnuð í Reykjavík. Samfylkingin er mynduð af einstaklingum sem eiga það sameiginlegt að vilja stuðla að því að þann 1.maí verði haldið á lofti kjörorðum og baráttu gegn auðvaldi, stéttasamvinnu og allri heimsvaldastefnu. Helstu kjörorð Samfylkingarinnar 1. maí eru:

- Eining á grundvelli stéttabaráttu!
- Gegn stéttasamvinnunni - endurreisum stéttarfélögin sem baráttutæki!
- Gegn árásum ríkisvaldsins á gerða kjarasamninga!
- Kvennabarátta á grundvelli stéttabaráttu!
- Samstaða námsfólk - verkafólk! Gegn allri heimsvaldastefnu - verjum sjálfræði Íslands!
- Lágmarkslaun fyrir dagvinnu kr. 145 þús.!
- Gegn fjöldauppsögnum kvenna!
- Gerum hagsmunafélög námsmanna að baráttutækjum!
- Gegn yfirgangs- og stríðsstefnu risaveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna!
- Ísland úr NATO - herinn burt!
- Til baráttu fyrir sósíalísku Íslandi!

Til baráttu!

Baráttan fyrir öflugum aðgerðum 1. maí á grundvelli stéttabaráttu er mikilvæg um þessar mundir, á tímum þegar auðvaldið herðir árásir á kjör og réttindi verkafólks og stéttasamvinnuforysta verkalýðshreyfingarinnar hvorki getur né vill verjast þeim. Þá er baráttan gegn falssósíalistum í og utan borgaralegu verkalýðsflokkanna samtvinnuð baráttunni gegn stéttasamvinnunni og afar mikilvæg næstu mánuði fram til kosninga.

Þar sem þetta er skrifað fyrir stofnfund Samfylkingarinnar, er ekki hægt að birta nöfn fólks sem hægt er að setja sig í samband við til að komast í virkt starf með Samfylkingu 1. maí, það verður að bíða næsta blaðs, en einnig munu verða gefin út dreifirit í borginni með slíkum upplýsingum.

Verkalýðsblaðið og EIK(m-l) hvetja allt baráttufólk til að koma í starf Samfylkingar 1. maí í því skyni að gera baráttudag verkalýðsins að raunverulegum baráttudegi ísl. alþýðu. Mikilvægt er t.d. að það baráttufólk sem vann að glæsilegum baráttufundi 8. marshreyfingarinnar í Tjarnarbúð, haldi áfram starfi sínu undir sömu kröfum í Samfylkingunni.

Til baráttu gegn auðvaldi og stéttasamvinnu!

Lifi Samfylking 1. maí!

## Gróf ritskoðun í Stúdentablaðinu

Þ. 6. mars s.l. kom út Stúdentablað, einkum helgað kosningabrölti til SHÍ. EIK(m-l) í HÍ óskuðu eftir að birt yrði frá þeim áskorun um að stúdentar skiluðu auðu í kosningunum. "Vegna plássleysis" var grein þessi ekki birt. Þó hafði ritstjóri nóg pláss til að birta í blaðinu grein úr Þjóðviljanum frá Rauðsokkum (1/3 úr síðu), alls óviðkomandi stúdentum og kosningunum til SHÍ, auk eigin langloku um "rógburð" og "klofningsstarf" EIK(m-l). Í ljósi þessara greina verða lygar ritstjórans um "plássleysi" beinlínis of augljósar. Þetta er bein ritskoðun.

Ritstjóri Stúdentabalðsins er Guðmundur Magnússon. Sem dæmi um önnur vinnubrögð hans má nefna, að á vinstrimannaráðstefnunni, sem um getur annars staðar í blaðinu stakk hann upp á því að EIK-arar yrðu reknir út.

Geti sér hver sem vill til um hvar Alþýðubandalagsmaðurinn GM hefur lært slíkar starfsaðferðir. Þeir ku kunna þetta í Rússlandi....

## Yfirmenn í Héðni:

# „Vinnið eða hypjið ykkur heim!"

Eins og kunnugt er tók Iðnnemasamband Íslands þátt í aðgerðunum 1. og 2. mars sl. Samt sem áður var af hálfu Iðnnemasambandsins (I.N.S.Í.) illa að málunum staðið. Aðeins formannaráðstefnu I.N.S.Í. haldin 24.2. ákvað að hvetja iðnnema til þess að mæta ekki til vinnu eða þá að mæta og vinna ekki að framleiðslu. (Þess má geta að samkvæmt 33.grein laga um iðnfræðslu þá mega iðnnemar ekki vinna að framleiðslu þegar sveinafélögin eru í verkfalli).

Eins og sjá má var hér um mjög ólýðræðislega ákvörðun að ræða af hálfu stjórnar I.N.S.Í. og flestra þeirra iðnnemafélaga sem áttu hlut að máli, en með undantekningu þó. Það var félaga Málmiðnaðarnema (áður hér það Félaga Járniðnaðarnema). Á aðalfundi þess 27.2. var ákveðið að taka þátt í aðgerðum verkalýðshreyfingarinnar á þann hátt sem I.N.S.Í. hvatti til. Lögð var á það áhersla að eining yrði um það á hverjum vinnustað hvor kosturinn yrði tekinn, að sitja heima eða mæta. Var það þó álitin sterkari aðgerð að mæta og vinna ekki að framleiðslu eins og iðnfræðslulögin gefa rétt til.

Í Landssmiðjunni héldu iðnnemar fund um málið og var ákveðið að mæta ekki til vinnu 1. og 2. mars.

Í Vélsmiðjunni Héðni ákváðu nemar aftur á móti að mæta, en vinna ekki að framleiðslu. Þessi ákvörðun mæltist mjög illa fyrir hjá yfirmönnum staðarins enda höfðu verkstjórarnir vonast eftir náðugum frídögum meðan verkfall stæði yfir. Þegar nemar svo mættu 1.mars, var tekið á móti þeim með hótunum. Ef þeir vildu ekki vinna eins og þeir væru vanir þá gætu þeir hypjað sig heim. Þar sem verkfall var á vinnustað og engir verkfallsbrjótar af hálfu sveina á staðnum þá neituðu nemar allir sem einn að smíða neitt nema æfingastykki.

Voru þeir þá reknir heim með það í veganesti að þeir fengju ekkert kaup fyrir dagana. Mikil óánægja ríkir nú meðal iðnnema í Héðni eins og von er og eru þeir ekkert á því að láta yfirmenn í Héðni komast upp með það að troða svona á sér. Verður gripið til aðgerða ef fyrirtækið vill ekki með góðu móti greiða nemunum kaup fyrir 1. og 2. mars.

Verkalýðsfréttaritari

# „Afhjúpum 5. herdeild Sovét á Íslandi"

## -brot úr ræðu á fundi hjá EIK (m-l)

Á næstsíðasta fræðslufundi EIK(m-l) í vetur, sem haldinn var í febrúar, fjallaði Ólafur Ingólfsson um Sovétríki nútímans, innanlandsástand og utanríkisstefnuna. Ræða hans, sem er í alla staði fróðleg, verður birt í heild í Rauðliðanum, fræðilegu riti samtakanna, en hér aðeins drepið á örfá atriði úr henni.

Í ræðu sinni fjallaði Ólafur um þá ógnun sem Norðurlöndum stendur af sovésku heimsvaldastefnunni og sagði þá m.a.:

"Undanfarin ár hafa Sovétríkin mjög fært sig upp á skaptið hvað varðar yfirgang og átroðslu gagnvart Norðurlöndunum. Norðurlöndin eru þannig landfræðilega staðsett að þau geta auðveldlega verið nokkur hindrun fyrir flota Sovétríkjanna. Það er sama hvort herskipin koma frá Kólaskaga eða eystrasaltshöfnum Siglingaleiðin hlýtur að liggja með ströndum Norðurlandanna.

Til beinna hernaðarógnana af hálfu Sovétríkjanna má nefna her- og flotaæfingar undan ströndum Noregs sem enduðu með ímyndaðri innrás í Noreg. Var sú innrás sett á svið innan við 1.km frá landamærum Noregs og Sovétríkjanna. Þá hafa Sovétríkin sniðgengið lögsögu Norðmanna yfir Svalbarða, og hafa

framhald á bls.4.

Ólafur Ingólfsson flytur ræðu sína á fræðslufundi EIK(m-l) (Mynd:Verkalýðsblaðið)

VERKAFÓLK....framhald af bls.1.

1978 og hækkar því stöðugt.). Þessi krafa jafngildir 100 þús. kr. kröfunnar sem EIK(m-l) settu fram í nóv. 1976. Það hve krafan "samningana í gildi" er "framsækin" (slagorð ASÍ, BSRB og verkalýðsflokkanna, Alþýðubandalags og Alþ.flokks) má best sjá á því að í dag, mars 1978 er lágmarkskaup fyrir dagvinnu rétt ríflega 100 þús. kr. ASÍ þóttist ætla að ná þessu fram í byrjun árs 1977!

GREINAFLOKKUR Í SMÍÐUM

EIK(m-l) og Verkalýðsblaðið hafa ákveðið að hefja innan tíðar birtingu greinaflokks hér í blaðinu um verkalýðshreyfinguna, ástand hennar og endurreisn sem baráttutækis. Greinarnar munu taka fyrir m.a. eftirtalin atriði: hnignun hreyfingarinnar, uppbygging, kröfugerð, samningsform, skipulag verkfalla, hlutverk stéttarfélaga almennt, uppbygging andstöðuliða gegn stéttasamvinnunni og fyrstu skref liðanna og meginatriði stefnu kommúnistanna í verkalýðsfélögum.

Verkalýðsblaðið skorar á félaga, stuðningsmenn og lesendur alla, að nema rækilega efni greinanna, senda inn athugasemdir og gagnrýni og umfram allt að tileinka sér þá stefnu sem sett verður þar fram. Ein óhjákvæmileg forsenda sigursællar baráttu er aukin uppfræðsla um málefni verkalýðs og verkalýðsbaráttunnar.

## Yfirlýsing vegna skerðingar á námslánum

Ríkisvaldið hefur nú ákveðið að lækka námslán til námsmanna erlendis um 4% frá því sem verið hefði ef gengislækkun hefði ekki komið til. Þetta gerir ríkisvaldið með því að bæta námsmönnum erlendis gengisfellinguna aðeins um 75%. Námsmenn erlendis fá því 4% lægri lán - miðað við 85% framfærslukostnaðar - en námsmenn á Íslandi. Þetta kemur til bíðbótar þeirri kjararýrnun sem námsmenn erlendis hafa mátt þola vegna gengissigsins frá áramótum. Það hefur alls verið um og yfir 2-%, að gengisfellingunni meðtalinni.

Lækkun gengisins mun einnig bitna á námsmönnum á Íslandi sem og alþýðu allri, þar eð verðlag mun stórhækka á komandi mánuðum. Í komandi baráttu gegn kjaraskerðingum ríkisvaldsins verður öll alþýða að standa saman, svo unnt verði að hrinda hinum svívirðilegu árásum auðvaldsins. Samstaða námsmanna og verkafólks er því mikilvæg. Þorri námsmanna styður baráttu verkalýðs af fyllstu einlægni, þó oft séu heldur lítil tök á að sýna þann stuðning í verki. Í dag er mikil nauðsyn að námsmenn sameinist til baráttu gegn árásum ríkisvaldsins á kjörin og þörf er samstöðu og stuðnings verkalýðs og allrar vinnandi alþýðu.

NÁMSMENN HEIMA OG ERLENDIS - STÖNDUM SAMAN!

TIL BARÁTTU GEGN RÍKISVALDI AUÐVALDSINS!

Einingarsamtök kommúnista m-l/skólunum!

## NKS í boði EIK(m-l)

Fulltrúi frá NKS - Kommúnísku Stúdentasamtökunum í Noregi, verður hér á landi síðar í þessum mánuði í boði EIK(m-l). EIK(m-l)/skólunum mun halda opinn fund í Félagsstofnun Stúdenta við Hringbraut, sunnudaginn 19.mars kl.14. Þar mun fulltrúi NKS flytja ræðu um nauðsyn baráttu gegn endurskoðunarstefnu og hentistefnu innan námsmannahreyfingarinnar.

NKS eru stúdentasamtök AKP(m-l) og hafa þau sterka baráttustöðu innan norsku námsmannahreyfingarinnar og hafa þegar öðlast mikla reynslu í baráttu gegn alskyns falsmarxisma í samfylkingarstarfi og NKS hafa ein pólitískra samtaka sett fram kröfu um að nasismi verði gerður brottrækur frá háskólunum, en nasismi þýðir algera undirokun skoðanafrelsis og jafnréttis til náms.

## HAFIÐ SAMBAND VIÐ EIK(m-l) OG OKTÓBER FORLAGIÐ

EIK(m-l) Akureyri: Hafnarstræti 79. Opið: þriðjudaga kl. 5-7 og föstudaga kl. 5-7

EIK(m-l) Reykjavík: Óðinsgötu 30. Opið: alla virka daga kl. 5-7, laugardaga kl. 1-3. sími 29212 — Pósthólf 5186.

EIK(m-l) Kaupmannahöfn: Sigrún Ágústsdóttir, Öresundskollegiet, J-102, Dalslandsgade 8, 2300 København S.

EIK(m-l) Oslo: Steinunn Hjartardóttir, Schultsgate 7, Oslo 3. Sími 694450, kl.5-8.30.

EIK(m-l) Uppsalir, Svíþjóð: Haraldur Arngrímsson, Flogstavägen 93 F, Uppsala.

.....

EIK(m-l) hefur gíróreikning nr. 12 200-9.

Á öllum þessum stöðum fæst einnig Verkalýðsblaðið og útgáfuefni Október-forlagsins og EIK(ml).

# Kynnumst landinu okkar !

Verkalýðsblaðið og EIK(m-l) hafa allt of lítið sinnt þeirri hlið eflingar baráttuþreks og pólitísks styrks sem snýr að líkamsrækt og útiveru. Þá hlið málsins má þó ekki vanmeta og vanrækja. Kommúnistar og baráttufólk verða að rækta líkamann ekki síður en hugann, þeir verða að þekkja landið sitt í öllum búningum þess og læra að lifa af litlu við erfiðar aðstæður. Slík þjálfun kemur sér vel nú þegar og hún á eftir að koma í góðar þarfir fyrr en síðar. Ófriðarblikur eru nú á lofti, risaveldin tvö naga skjaldarrendur og búast til að tefla til lykta drepskák sína um heimsyfirráð. Hluti þeirra valdataflmennsku mun óhjákvæmilega fara fram á Íslandi, eða varða Ísland á einhvern hátt, og víst er að í það sinn verður ekki teflt í glæsisölum Loftleiðahótelsins. Ísland verður að öllum líkindum hernumið land í III.heimstyrjöldinni og þá mun koma til kasta kommúnista og annars framsækins fólks að standa í fylkingarbroddi fyrir alþýðustríði gegn erlendum heimsvaldasinnum og innlendum leppum þeirra. Þá mun reyna á styrk okkar, andlegan sem líkamlegan.

ÞEKKJUM LANDIÐ OKKAR

Nú fara í hönd páskar með nokkrum samliggjandi frídögum. Frídagarnir eru vel þegnir af öllum sem leggja hart að sér við nám og starf. Tilvalið er að nýta þessa daga m.a. til skipulagðar útivistar og fjallferða við hæfi hvers og eins. Sumir fara í styttri gönguferðir og skokk, aðrir fara í fjallferðir. Þeir sem möguleika hafa á því ættu að bregða sér til fjalla. Hægt er að skipuleggja upp á eigin spýtur slíkar ferðir eða að bregða sér í ferðir með ýmsum ferðafélögum. Ferðafélögin bjóða upp á ódýrar ferðir við allra hæfi, stuttar og langar, léttar og erfiðar. Í slíkum ferðum kynnumst við vönu ferðafólki sem hægt er að læra margt nytsamlegt af um landið, ferðalög og útivist. Við kynnumst nýju fólki, ræðum við það, skiptumst á skoðunum og reynslu, styrkjum skrokkinn og hvílumst fyrir átökin næstu vikur og mánuði. Þannig sláum við margar flugur í einu höggi.

UPP TIL FJALLA Á PÁSKUM.



Víðir Víðis,forstjóri á Geirshólma h/f ræðir efnahagsmál við starfsfólkið áður en hann segir því upp vinnunni. Úr leikstykki 8.mars-hreyfingarinnar. (Mynd:Verkalýðsblaðið)

# Fjölme 8. mar

8. mars hreyfingin var stofnuð í þeim tilgangi að gera 8. mars að baráttudegi kvenna, einnig hér á Íslandi. Hreyfingin leggur áherslu á að samstaða og stuðningur við baráttu alþýðu um allan heim sé mikilvæg. Baráttufundurinn var liður í að sýna alþjóðlega samstöðu með konum um allan heim sem taka upp baráttumerki 8. mars og fara í kröfugöngur og halda fundi baráttumálum sínum til áréttingar og til að meta styrk sinn. Starf 8. mars hreyfingarinnar fram að baráttufundinum fór fram í hópum sem myndaðir voru á vinnustöðum og í hverfum auk skipulagsráðs og hópa á vegum þess sem sáu um skipulagningu og rekstur hreyfingarinnar og undirbjuggu lesefni fyrir hópana. Hóparnir störfuðu reglulega fram að 8. mars. Starf þeirra var fólgið í umræðum um pólitískt innihald krafanna og sölu á merkjum og plakötum hreyfingarinnar, auk dreifingar og undirskriftasafnana. Má segja að allt þetta starf hafi verið mjög vel unnið og mikill ávinningur fyrir kvennabaráttuna hér fyrst og fremst vegna þeirra lærdóma sem hægt er að draga af starfinu og einnig vegna þess að flestum er ljósara nú en áður stefna og starfshættir Rauðsokkahreyfingarinnar og geta betur áttað sig á þeim mun sem er á borgaralegri pólitík í kvennabaráttunni og svo aftur kvennabaráttu sem háð er með hagsmuni verkalýðsins í fyrirrúmi. Rauðsokkahreyfingin hefur hvað eftir annað fyrir 8. mars haldið því fram að hún starfi á stéttabaráttugrundvelli. Þá spyr Verkalýðsblaðið: Eru kvenrembugreinarnar í Forvitin rauð, þar sem talað er um "karlmannaþjóðfélag" skrifaðar með hagsmuni verkalýðsins fyrir augum? Eða þá greinaskrifin á Jafnréttissíðu Þjóðviljans sem einkennst hafa af skítkasti í garð 8. mars hreyfingarinnar en hvergi tekið fram hvað það er í grundvelli 8. mars-hreyfingarinnar sem Rauðsokkar geta ekki samþykkt. Þeir meðlimir Rauðsokkahreyfingarinnar sem hafa þá trú að Rsh berjist í raun á grundvelli stéttabaráttu ættu að taka sig til og lesa Forvitin rauð sem er væntanlega andlit Rsh út á við og túlkar stefnuna þar.

Elísabet Bjarnadóttir,starfsstúlka,flytur aðalræðu kvöldsins. (Mynd:Verkal.bl.)

Aðalræðuna á fundi 8. mars hreyfingarinnar í Tjarnarbúð hélt Elísabet Bjarnadóttir, starfsmaður á Kópavogshæli. Í ræðunni lagði hún áherslu á að andstæðingur kvenna jafnt sem karla í alþýðustétt væri borgarastéttin og gegn henni ættu konur að beina spjótum sínum en ekki gegn körlum sinnar stéttar. Barátta sem beindist að körlum væri borgaraleg og leitaðist við að viðhalda ríkjandi skipulagi kúgunar og arðráns á alþýðunni í stað þess að sameina hana. Verkakonur eru tvöfalt kúgaðar og hafa því enn meiri hagsmuni en karlar stéttarinnar af að berjast gegn ríkjandi skipulagi. Elísabet lagði áherslu á, í ræðunni, stuðning við baráttu kvenna í þriðja heiminum gegn heimsvaldastefnu risaveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna.

Í lok ræðunnar hvatti Elísabet til stofnunar baráttusamtaka kvenna 8. mars 1979. En næsta skref skyldi vera

# Baráttukveðja Eik (m-l) til 8. mars-hreyfingarinnar

Reykjavík 7.mars '78

Til fundar 8.mars-hreyfingarinnar.

Sendum fundarmönnum og 8.marz-hreyfingunni baráttukveðjur. Störf 8.marz hreyfingarinnar og fundurinn er mikilvægt skref til uppbyggingar varanlegrar samfylkingar í kvennabaráttunni. Taki sú barátta mið af hagsmunum verkakvenna og annarrar vinnandi alþýðu innan og utan heimilanna, af stéttabaráttunni í þjóðfélaginu og baráttunni gegn allri heimsvaldastefnu og undirokun, þá mun vel fara.

8.marz sem baráttudagur á sér heiðir í íslenskri verkalýðshreyfingu og þennan dag áréttar milljónir kvenna um allan heim markmið jafnréttisbaráttunnar um leið og þær taka höndum saman við karla sinnar stéttar.

Maó Tsetung reit einu sinni á þá leið að konur bæru upp hálfan himininn og þyrftu að vinna hann. Íslenskir kommúnistar og aðrir baráttusinnar munu leggja sitt af mörkum til að vinna báða helminga himinsins, sem vinnandi fólk ber uppi. Baráttusamfylking kvenna á og mun eiga stuðning okkar.

Miðstjórn Einingarsamtaka kommúnista (marx-lenínista)
Ari T. Guðmundsson

# Afhjúpum

Framhald af bls.3

sett þar upp herstöð. Sovétríkin hafa reynt að hafa áhrif á utanríkisstefnu Norðurlanda, bæði með yfirlýsingum frá æðstu mönnum Sovétríkjanna, svo og með skírskotun til "Helsinkiráðstefnunnar." M.a. hafa Sovétríkin vítt Noreg fyrir að eyða of miklu til hernaðarútgjalda.

Óhætt er að slá því föstu að Finnland jaðrar við að vera hálf-nýlenda Sovétríkjanna. Efnahagsleg ítök Sovétríkjanna í landinu eru mikil, og Sovétríkin skirrast ekki við að hlutast til um innanríkismál landsins. M.a. má nefna, að það er í raun ólöglegt að berjast gegn Sovétríkjunum í Finnlandi. Slíkt er kallað "and-sovéskur áróður", og liggja viðurlög við því. Við þessa iðju njóta Sovétríkin dyggs stuðnings endurskoðunarsinnaðs „kommúnistaflokks" landsins, sem er í raun fimmta herdeild sósíalheimsvaldastefnunnar. Í Noregi ætluðu endurskoðunarsinnar að leggja flokk sinn niður, vegna þess hve lítill og áhrifalaus hann var orðinn, en Sovétmenn bönnuðu að svo var gert. Þeir vildu ekki missa 5. herdeildina sína. Norskir endurskoðunarsinnar eru í dag í fremstu víglínunni í baráttunni gegn marx-leníninismanum í Noregi, og hafa m.a. verið fyrstir til að til að krefjast þess að AKPm-l, systurflokkur EIK (m-l) í Noregi, verði bannaður.

Varðandi landhelgi og fiskveiðimál hafa Sovétríkin ætíð lagst gegn réttlátri baráttu Íslands og fleiri ríkja. Þau hafa þá afstöðu að "fiskurinn í sjónum tilheyri öllum", og það sé "sjálfsagður réttur þjóða að vera með herskip upp við strendur strandríkja." M.a. mótmæltu Sovétríkin formlega útfærslu íslensku fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur, og í dag eru það sovésk verksmiðjuskip sem eru að eyða miðum Grænlendinga, í góðu kompaníi með breskum, portúgölskum og spænskum sjóræningjum.

Sovétríkin hafa reynt talsvert til að ná fótfestu hér á Íslandi. M.a. má minna á er Sovétmenn fóru fram á aðstöðu hér á landi fyrir kaupskipa- og fiskveiðaflota sinn. Átti að nota aðstöðuna sem birgðastöð, og til áhafnaskipta á verksmiðjuskipin á N-Atlanshafi. Þetta var í raun beiðni um flotaaðstöðu, því eins og drepið hefur verið á hér að framan heyra kaupskip undir flotamálaráðuneytið og vitað er að sovéskir togarar eru notaðir til njósnastarfa. - Þetta er algerlega hliðstætt því þegar þýska flugfélagið Lufthansa fór fram á að fá að byggja eigin flugvöll 1939. Þá var það liður í stríðsundirbúningi nasista, og beiðni Sovétmanna 1975 var liður í stríðsundirbúningi sovét-fasistanna.

Það er mikilvægt að

# enni á rsfundi

þátttaka í Samfylkingu 1. maí sem hefur öll höfuðkjörorð 8. mars hreyfingarinnar í baráttugrundvelli sínum.

Gestur fundarins frá Noregi, Berit Skárpen, lýsti aðgerðum í Noregi 8. mars og einnig helstu baráttumálum Kvinnefrontens þar. Íslensk kvennahreyfing getur margt lært af Kvinnefronten og heimsókn norksa fulltrúans sýndi svo ekki verður um villst velvilja og stuðning baráttukvenna í Noregi í garð 8. mars hreyfingarinnar.

Góður rómur var gerður að máli þeirra beggja svo og að skemmtiefninu, leikþættinum Geirshólmi hf sem brá upp mynd af því hvernig andstöðulið verða til í verkalýðsfélögum, kór Alþýðumenningar sem gerði baráttuljóðunum góð skil, svo eitthvað sé nefnt.

Margar kveðjur bárust fundinum.

Þegar horft er yfir starf 8. mars hreyfingarinnar og eftir velheppnaðan baráttufund má hiklaust segja að þarna er vísir að kvennabaráttuhreyfingu sem mun geta barist á virkan hátt gegn kúgun og fordómum borgarastéttarinnar svo og endurskoðunarstefnu og stéttasamvinnustefnu í verkalýðs- og kvennahreyfingunni hér á landi.

Fram til baráttu - stofnum kvennahreyfingu að ári!



KVEÐJUR TIL 8.MARS-FUNDARINS.

8.mars-hreyfingunni bárust margar kveðjur á fundinn í Tjarnarbúð. M.a. komu kveðjur frá baráttufólki meðal íslendinga í Osló,Uppsölum,Kaupmannahöfn og víðar erlendis, og frá samtökum og einstaklingum hér. Þ.á.m. sendi nýræður baráttuglaður öldungur fundinum kveðjur.

framsækin öfl á Íslandi séu á varðbergi gagnvart heimsvaldastefnu Sovétríkjanna, og vinni að því að afhjúpa 5. herdeild þeirra hér á landi. 5. herdeildin samanstendur fyrst og fremst af vissum öflum innan Alþýðubandalagsins, svo og trotskistum. Það er viðhorf trotskista, að myndu Sovétríkin hernema Ísland, væri það framhald af Októberbyltingunni, heimsbyltingin í framkvæmd, og því myndu þeir styðja það."

# Berit Skorpen, Kvinnefronten í Noregi

## „Burt með klàmið"

Á baráttufundi 8.mars hreyfingarinnar í Tjarnarbúð flutti Berit Skorpen frá Kvinnefronten í Noregi ávarp. Kvinnefronten er samfylking kvenna um öll brýnustu baráttumál þeirra. Kvinnefronten hefur þegar starfað í 5-6 ár og öðlast talsverða baráttureynslu.Nú á 8.mars beitti Kvinnefronten í Noregi sér fyrir því að mynduð væri víðtæk samfylking um aðgerðir þann áttunda. Þetta tókst mjög víða,en t.d. í Ósló náðist ekki full eining um aðgerðir, þar sem fulltrúar nokkurra kvenrembuhreyfinga gátu ekki hugsað sér að eiga viðræður við baráttukonurnar í Kvinnefronten.

Í ræðu sinni þakkaði Berit 8.mars hreyfingunni fyrir að hafa boðið fulltrúa frá Kvinnefronten til Íslands á 8.mars og hvað hún slík samskipti ákaflega mikilvæg fyrir kvennabaráttuna í báðum löndunum.

Í stuttu viðtali við Verkalýðsblaðið sagði Berit að kvennabaráttan í Noregi tæki nú miklum framförum. Kvinnefronten væri í miklum vexti og gæti beitt sér á æ fleiri baráttusvið.

GEGN KLÁMI OG SÖLU KVENLÍKAMANS

Berit sagði að á síðasta ári hafi baráttan gegn kláminu vaknað og vaxið svo að nú væri umfangsmikil baráttuhreyfing að verki gegn kláminu. Kjörorðið er KLÁMIÐ BURT. Víða um Noreg hafa konur farið inn í verslanir sem selja klámblöð og rit og þrifið þau með sér úr hyllunum og kveikt í þeim úti á götu. Þannig hafa verið haldnar margar klámbrennur,sem vakið hafa fólk til baráttu gegn kláminu og þeirri lítilsvirðingu sem kemur fram gagnvart konum.Á klámi græðir borgarastéttin fúlgur um leið og hún vinnur að því að halda konum niðri og gera þær að þægilegu varavinnuafli.



Berit Skorpen,félagi í Kvinnefronten í Noregi.(Mynd:Verkal.bl.)

KLÁM Í VERSLUNUM Í REYKJAVÍK

Verkalýðsblaðið brá sér í nokkrar bóka- og blaðaverslanir í Reykjavík. Í velflestum bóka verslunum eru klámblöð að fá í mörgum hyllum. Þetta eru bæði erlend og innlend blöð. Það vakti athygli okkar að enn hefur bæst við úrval klámrita í bókaverslun Máls og Menningar,en það er bókabúð Alþýðubandalags"sósíalistanna". Í þessu birtist stefna Alþýðubandalagsins gagnvart kvennabaráttunni - eða er hún kanski ekki til?




Lesið úr sérstökum leiðara Morgunblaðsins,með vel tilfundnum athugasemdum. (Mynd:Verkalýðsblaðið)

# Lærdómar af blaðamannaverkfalli:

## „Samflotin sniðin fyrir atvinnurekendur" - segir Atli R. Halldórsson, blaðamaður

Blaðamenn ráku endahnútinn á kjarabaráttu sína með viku löngu verkfalli í febrúar s.l. og voru þá undirritaðir nýjir kjarasamningar blaðamanna og útgefenda. Samningarnir voru samþykktir á félagsfundi blm. og greiddu 17 atkvæði gegn samþykkt þeirra. Yfirlýst markmið blaðamanna var það, að ná jöfnuði í kaupi og kjörum við fréttamenn ríkisfjölmiðlanna - þ.e. sömu laun fyrir sömu vinnu. Verkalýðsblaðið lagði þá spurningu fyrir Atla Rúnar Halldórsson, blaðamann, hvort jöfnuður hafi náðst og hvert væri hans mat á hinum nýja kjarasamningi.

- Ég get sagt það strax að kjarasamningarnir gefa engin tilefni til húrrahrópa, og það segir sína sögu að útgefendur eru kátir yfir úrslitunum. Samninganefndarmennirnir okkar létu þá meira að segja hafa sig út í það að samfagna samningunum í einu af öldurhúsum bæjarins og það er stærri biti en ég get kyngt í fljótheitum. Frá okkar hendi var lögð áhersla að ná samræmingu í kaupi við fréttamenn ríkisfjölmiðlanna og meiri hluti samninganefndar BÍ túlkar samninginn þannig að sú samræming hafi náðst að miklu leyti. Það er talsver langt frá lagi. Til dæmis þarf blaðamaður að vinna í 2 ár til að komast á sama kaup og byrjandi á fréttastofu útvarps. Þá gildir samningurinn aðeins frá 1.janúar 1978, en hefði þurft að gilda frá 1.júlí 1977 til að hann hefði getað kallast samræming við opinbera starfsmenn. Í þriðja lagi var ekkert fjallað um mál eins og t.d. verðtryggðan lífeyrissjóð sem fréttamenn hafa, en við ekki. Það atriði hlýtur að vega talsvert mikið í samanburði.

Nú en í hreinni krónutölu er samningurinn þolanlegur, ef miðað er við taxta verkalýðsfélaga innan ASÍ, byrjendakaup varð við undirritun ca. 143 þús. á mánuði, kaup eftir 2ja ára starf 192 þús. os.frv. Við náðum því að hækka t.d. byrjunarlaunin úr ca. 1o9 þús. í 143 þús., þannig að af okkar baráttu varð verulegur árangur. Spurningin er bara hvort við hefðum getað gert betur, en ég er ekki bjartsýnn á að það hefði gengið að halda liðinu saman í verkfalli öllu lengur. Þetta er svo óskaplega sundurleit hjörð.

- Hvers vegna?

MISJAFN SAUÐUR

- Jú, í sjálfu sér er formið á okkar kjarabaráttu og samningum þokkalegt og það á sinn þátt í árangrinum. Við erum utan við ASÍ-samflotssúpuna, en kjósum úr eigin röðum samninga- og verkfallsnefndir og semjum beint við útgefendur. Þannig eru beinni tengsl samningamanna við blaðamenn en annars væri, menn fylgjst betur með gangi mála og taka meiri þátt í samningunum en gerist t.d. hjá ASÍ. Þar er jú allt lokað og læst inni á Loftleiðasölum og því haldið leyndu fyrir verkafólki um hvað verið er að semja því til handa.

Nú, en formið er ekki allt og enda sýndi sig fljótt (og það gefur auga leið), að blaðamenn eru sundurleitur hópur og eiga margir hverjir fátt sameiginlegt innbyrðis. Þarna eru t.d. undir einum hatti venjulegt launafólk, sem á hiklaust samleið með öðru launafólki í baráttunni, og svo uppkeyptir leigupennar sem eiga allt sitt undir því að kasta sem mestum skít í verkafólk og launafólk í kjarabaráttu þess. Ég er t.d. í sama stéttarfélagi og Moggaritstjórarnir Matthías og Styrmir, og það mun þurfa að ganga mikið á svo að ég telji þá eiga heima í samtökum launafólks. Það var og greinilegt að uppistaðan í því liði í okkar röðum, sem vildi slá af kröfum og semja, voru Moggamenn. Það var þrýstingur á samninga frá aðstandendum Moggans. Geir þurfti að fá blaðið til að púkka undir kaupránsboðskapinn sinn. Moggamennirnir vissu það líka, að heildarsamningarnir væru ekki öll sagan. Þeir eru uppkeyptir meira og minna, eru drjúgt yfirborgaðir og njóta fríðinda í ýmsu formi. Þetta er kallaður "innanhússsamningur" á Mogganum og er vandlega haldið utan við umræður um launamál blaðamanna. Nú og svo voru Dagblaðsmenn margir hverjir drjúgir við að slá af og vilja semja. Þeir eiga slatta af verðlausum pappírum sem nefnast "hlutabréf" í Dagblaðinu h.f. og halda að þeir eigi fyrirtækið og beri á því vissa ábyrgð sem "atvinnurekendur". Mér er því talsvert til efs að lengra hafi verið komist í kjarabaráttu blaðamanna með svo sundrað lið. En af samningnum í heild má draga talsverða lærdóma varðandi kjarasamninga almennt.



- Hverja helsta?

- Fyrst og fremst þá, að ef verkalýðsfélög og sérsambönd semja beint - og hafna þar með ASÍ-samflotinu - þá er komin forsenda fyrir mun betri árangri í kjarabaráttunni. Samflotin eru sniðin fyrir atvinnurekendur og ríkisvaldið, en ekki fyrir launafólkið. Ég sá á dögunum að starfsfólk á Kópavogshæli var að krefjast þess að Sókn hafnaði samflotinu og semdi beint. Það held ég að sé hárrétt krafa og vonandi að fleiri komi auga á þessa leið. En um leið gerir þetta samningsform miklar kröfur til virkni verkafólks og ef hún er fyrir hendi, þarf ekki að kvíða því að árangurinn verði góður.

lönd vilja sjálfstæði þjóðir vilja frelsi alþýðan vill byltingu

# Kanada ógnað af risaveldunum

KANADA Í ELDLÍNUNNI MILLI RISAVELDANNA.

Fyrir Bandaríkin er Norður-Kanada mikilvægasta varnarlínan gegn sovéskri árás úr lofti, því er til stríðs kemur milli risaveldanna er norður-leiðin líklegust til sóknar fyrir Sovétríkin. Í fyrsta lagi er hún mikið styttri en leiðin yfir Atlantshafið eða Kyrrahafið, og í öðru lagi dylur ísilagt hafið norður af Kanada sovésku kjarnorkukafbátana vel.

Risaveldin tvö ógna stöðugt sjálfræði Kanada við undirbúning stríðsins. Skulu hér nefnd nokkur dæmi.

Sovéskir "vísindamenn" hafa sett upp herstöð á eyju í ishafinu norður af Kanada undir yfirskini vísindarannsókna. Sovéskir KGB njósnarar eru iðnir við ýmsa njósnastarfsemi í landinu, 13 voru handteknir við iðju sína í síðasta mánuði. Sovésk njósnaskip hafa verið tekin uppi við strendur Kanada. Stórvirkir sovéskir verksmiðjutogarar moka upp fiski á kanadískum miðum og skemmst er að minnast brotlendingu njósnagervihnattarins.

Bandaríkin ráða öllu varnakerfi Kanada í gegn um NATO og NORAD (North American Air Defense Command). Bandarískir einokunarauðhringir ráða stórum hluta efnahagskerfis Kanada, 1974 nam hann 26%. Auðhringirnir ræna náttúruauðlindir landsins og virða að vettugi réttindi innfæddra í norð-vestur hluta Kanada; besta dæmið um þetta er olíuleiðslunar frá Alaska.

KANADÍSK ALÞÝÐA BERST GEGN STRÍÐSUNDIRBÚNINGNUM

Það má ljóst vera af oíanskráðu að það var engin tilviljun að sovéski njósnagervihnötturinn var á sveimi yfir Kanada. En virðingarleysi sovésku sósíalheimsvaldastefnunnar kemur gleggst fram í því að Sovétmenn létu engan vita að eitthvað væri að gervihnettinum í fyrstu en höfðu síðan samband við Bandaríkjastjórn. Íbúar Kanada fréttu fyrst af þessu 24.jan. eftir að Carter forseti tilkynnti Trudeau forsætisráðherra Kanada símleiðis að gervihnöttur með kjarna ofn innbyrðis hefði brotlent á kanadísku landsvæði.

26.jan. efndu Kommúnistasamtök Kanada (m-l), CCL(m-l), til mótmælastöðu við sovéska sendiráðið í Montreal. Þátttakendur mótmæltu harðlega stríðsundirbúningi risaveldanna og árásum þeirra á alþýðu Kanada, og þjónkun kanadísku borgarastéttarinnar við risaveldin tvö.

(Heimild: The Forge, Kanada.)



MANGASO ROBERT SOBUKWE

# Formaður PAC, Robert Sobukwe, er látinn

Mangalso Robert Sobukwe, formaður Pan African Congress, PAC, lést í fangavist í Suður-Afríku (Azaníu) 54 ára.

Sobukwe hefur verið formaður PAC allt frá stofnun árið 1959. Í mars 196o var PAC leiðandi í baráttunni gegn vegabréfslögunum. Þessari baráttu var mætt af mikilli hörku af hálfu fasistastjórnarinnar og var fjöldi manns myrtur. Í Sharpville og Langa (við Cape Town) þann 21.mars 196o myrti lögregla fasistastjórnarinnar meira en 8o manns og særði fleiri hundruð.

Þessir atburðir leiddu til þess að PAC var bannað og formaðurinn, Sobukwe, var handtekinn. Frá 196o hafa u.þ.b. 1o þús. félagar í PAC verið handteknir og dæmdir til fangelsisvistar, sumir allt að lífstíðar langa. Í yfirlýsingu frá PAC segir að lát Sobsé ómælanlegur missir fyrir frelsisbaráttu svartrar alþýðu Azaníu.

Tveir mikilvægir fundir voru haldnir í Kína nýlega. Sá fyrri var Önnur ráðstefna miðstjórnar Kommúnistaflokks Kína, sem haldin var í Peking 18.-23. febr. s.l. Hinn síðari er Fimmta þjóðþing kínverskrar alþýðu, sem haldið var í Peking 26. febr.- 5. mars s.l.

2. RÁÐSTEFNA MIÐSTJÓRNAR

Verkefni þessarar ráðstefnu var m.a. að undirbúa 5. þjóðþingið og væntanlegt starf 5. þjóðnefndar Kínverska alþýðuþingsins. Hua Kuo-feng, formaður KFK, leiddi ráðstefnuna og hélt þar mikilvæga ræðu. Hann sýndi fram á að baráttan gegn "fjórmenningaklíkunni" hefði leitt til mikils sigurs og róttækra umbóta á mörgum sviðum. Uppbyggingarstarfið væri nú í fullum gangi.

Ýmsar skýrslur og áætlanir sem leggja skyldi fyrir 5. þjóðþingið voru samþykktar einum rómi.

5. ÞJÓÐÞINGIÐ

5. þjóðþingið hófst með setningarávarpi Ehs Tsén-jings, formanns þingsins, minningarathöfn um Maó Tse-tung, Tsjó Enlæ og Tsjú Teh og með skýrslu Hua Kuo-fengs, forsætisráðherra um störf ríkisstjórnarinnar. Skýrsla Hua hét: "Sameinumst og leggjum hart að okkur við að byggja upp nútímalegt og voldugt sósíalískt land." Ræða Huas kom inn á sex meginefni: 1. baráttuna s.l. þrjú ár og helstu verkefni í nánustu framtíð, 2. framhald baráttunnar gegn "fjórmenningaklíkunni", 3. aukinn hraða í sósíalískri efnahagsuppbyggingu, 4. þróun sósíalískra vísinda, menntunar og menningar, 5. festing pólitísks valds KFK í sessi og eflingu hinnar miklu einingar alþýðu allra þjóðerna í Kína og 6. heimsástandið og utanríkisstefna Kína.

Í þeim hluta ræðunnar sem fjallaði um heimsástandið benti Hua formaður á að barátta alþýðu allra landa gegn risaveldunum tveim, Sovétríkjunum og Bandaríkjunum, einkum gegn sósíalheimsveldastefnu Sovétríkjanna, nyti nú meiri stuðnings í heiminum en nokkru sinni fyrr. Hann sagði að Kína myndi halda áfram í heiðri alþjóðahyggju öreiganna og fylgja staðfastlega kenningu Maós formanns um heimana þrjá. Þannig verði tengsl Kína best aukin við öreiga heimsins, kúgaða alþýðu og kúgaðar þjóðir, við sósíalísk lönd og við þriðja heiminn.

Önnur merk ræða sem flutt var á þinginu var ræða Ehs Tsé-jíngs um endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Þingið staðfesti kosningu Hua Kuo-fengs, formanns KFK, sem forsætisráðherra. Auk þess kaus það 13 varaforsætisráðherra, 20 varaformenn flokksins, 37 ráðherra og ýmsa aðra embættismenn. Þá var samþykktur á þinginu nýr texti við þjóðsöng Alþýðulýðveldisins Kína. Um leið og Verkalýðsblaðið óskar kínversku þjóðinni til hamingju með vel heppnaða ráðstefnu miðstjórnar KFK og með stórmerkt 5. þjóðþing, leyfum við okkur að tilfæra hér nokkrar línur úr hinum nýja texta, lauslega þýddar:

Byggjum upp land vort!
Verndum land vort!
Störfum og berjumst!
Höldum áfram!
Áfram! Áfram!
Höldum merki Maó Tse-tungs hátt uppi
alltaf og án afláts!
Höldum áfram!
Áfram! Áfram!

Félagi Húa Kúó-feng og fleiri leiðtogar Kínverja á fjöldafundi, þar sem fagnað er falli "fjórmenningaklíkunnar".(Mynd:Hsinhua)

# Tveim mikilvægum fundum lokið í Kína

# „Öryggisráðstefnan":

"Öryggisráðstefnu Evrópu" er nú lokið. Heldur hljótt varð um lok hennar, enda afhjúpaðist þar illilega það staðfasta áform risaveldanna tveggja að etja heiminum út í nýja styrjöld. Árangur ráðstefnunnar var enginn. Ekkert samkomulag um "slökun" eða "afvopnun". Engar samþykktir um aukin mannréttindi. Engar ályktanir um fækkun herja eða minni framleiðslu morðtóla. Ekkert. Þetta kemur að sjálfsögðu engum þeim á óvart sem fylgst hefur með þróun mála á alþjóðavettvangi undanfarin ár, en líklega hafa þó fæstir átt von á, að styrjaldarstefna risaveldanna, einkum Sovétríkjanna, afhjúpaði sig svo kyrfilega, að ekkert stæði eftir af öllu froðusnakkinu um "friðarvilja" og "mannkærleik". Sannleikurinn er sá, að risaveldin búa sig nú bæði undir að draga aðrar þjóðir heims út í nýja, blóðuga heimsstyrjöld.

SOVÉTRÍKIN OG NORÐUR-EVRÓPA

Í Verkalýðsblaðinu hefur margoft verið sýnt fram á stríðsundirbúning Sovétríkjanna víða um heim. Í síðasta blaði var m.a. sýnt fram á stóraukin umsvif sovéska herskipaflotans og skýrt frá fyrirætlunum Kremlherra um að beina Norður-Atlandshafsflota sínum vestur fyrir Grænland. Enn eitt dæmi um gegndarlausan vígbúnað Sovétríkjanna hefur bæst við. Upplýst hefur verið að við strendur Eystrasaltslandanna sé nú mikill fjöldi herskipa, alls um 5oo sovésk herskip, auk 3oo pólskra og austur-þýskra. 7o af skipum Sovétmanna eru kafbátar, búnir eldflaugum. Flestir þeirra draga "aðeins" milli 2o og 25o km, og eru því ætlaðar flugvélum og skipum á Eystrasaltssvæðinu. Sex kafbátanna eru hins vegar búnir kjarnorkueldflaugum, sem draga 12oo km, og trúi því sem trúa vill að þær séu aðeins ætlaðar til "landvarna"! Á meðfylgjandi korti má sjá hver drægni hinna sovésku kafbátaeldflauga er, miðað við að kafbátarnir séu staðsettir í Ríga flóa. Brotna línan er dregin 12oo km frá þessum flóa. Til glöggvunar má nefna fjarlægð nokkurra borga í N-Evrópu ( og sunnar ) frá Ríga flóa. Til Helsingfors í Finnlandi eru 2oo km, til Oulu í Finnlandi 76o km. Til Bodö í Noregi eru 1o8o km, til Óslóar 72o km. Til Umeå í Svíþjóð eru 64o km, til Stokkhólms 28o km. Til Esbjerg í Danmörku eru 92o km, til Kaupmannahafnar 64o km. Og ef við förum út fyrir Norðurlönd, þá eru 6oo km til Varsjár í Póllandi, 1ooo km til Prag í Tékkóslóvakíu, 1ooo km til Leipzig í A-Þýskalandi, 112o km til Vínar í Austurríki, 115o km til Búdapest í Ungverjalandi, 115o km til Oradea í Rúmeníu, 12oo km til Amsterdam í Hollandi og 12oo km til Frankfurt í V-Þýskalandi.

# Aukin hætta á heimsstyrjöld




DRÆGNI SOVÉSKRA KAFBÁTA Í RÍGAFLÓA.



Sovéskum kafbátum á Eystrasalti fjölgar ört.

# Gefið í PAC söfnunina!

100 þús handa PAC



## Afstaða EIK (m-l) til:

# Varðveislu gamalla húsa

Hvorki tækniþróuninni né þróun byggðar t.d. í Reykjavík er stýrt af yfirnáttúrulegum öflum. Að baki hvoru tveggja liggja andstæður auðvaldsþjóðfélagsins. Hagsmunir og efnalegir ávinningar auð- og yfirstéttarinnar eru undirstaða skipulagsmála í Reykjavík. Verkalýðnum er stýrt í úthverfin með fjármálaaðgerðum í byggingarmálum, á hann eru lagðar þyngstar byrðar daglegs lífs, en fjármálafurstarnir yfirtaka "hagstæð" hverfi t.d. miðbæinn í Reykjavík.

Gömul hús, sem eru bæði menningarverðmæti og hluti af sjálfsögðu umhverfi almennings eru eyðilögð eða safnað saman á sýningarstað. EIK(m-l) taka afstöðu gegn slíkri skipulagsstefnu sem hér hefur verið lýst. Samtökin krefjast varðveislu og notkunar gamalla húsa og styðja fjöldabaráttu fyrir því. EIK(m-l) líta svo á að forsendur fyrir varðveislu húsa séu yfirráð fólks, sem býr eða starfar í húsunum, yfir þessum byggingum. Leigubrask, lóðabrask og gróðaleit undir yfirskini varðveislu leiðir til eyðileggingar gamalla húsa. Af þessu leiðir að krafa um fjáraðstoð til endurnýjunar gamalla húsa og krafa um íbúðarhúsnæði í gamla miðbæ Reykjavíkur eru mjög mikilvægar. Helsta aðferð til skipulagningar fjöldabaráttu, sem er lykilhlekkurinn í starfi að þessum málum, eru íbúa- og áhugamannasamtök. Leiðarhnoðinn í baráttu þeirri má ekki vera traust á Alþingi eða borgarráð. Aðalatriðið er skipulagning mótmælaaðgerða upplýsingamiðlun og leitun stuðnings félagasamtaka.

Með þessa stefnu vilja EIK(m-l) taka afstöðu með varðveislu Bernhöftstorfu og húsanna við Austurstræti og Aðalstræti. Samtökin leggja ennfremur áherslu á varðveislu íbúðarhúsa í eldri hverfum Reykjavíkur þar sem verkafólk, sérstaklega af eldri kynslóðinni, er fjölmennt.

EIK(m-l) hvetja samtök á borð við íbúasamtök Vesturbæjar og Grjótaþorps að hefja starf og efla það séu þau þegar stofnuð, en vara sterklega við skaðlegum hugmyndum á borð við þær sem heyrðust á fjöldafundi á "Hallærisplaninu" í Reykjavík nýverið. Á þeim misgóða fundi kom fram sú ranghugmynd að "ný ríkisstjórn" geti komið málum í höfn. Í stað slíks kosningaáróðurs verður að setja fjöldastefnu og virka baráttu.

# Sovétríkin burt frá Afríkuhorninu

Sovéska sósíalheimsvaldastefnan afhjúpast æ betur á Afríkuhorninu þessa stundina. Það er orðið ljóst að styrjöldin þar er stríð Sovétríkjanna, sem fá óskiptan stuðning fasísku herforingjastjórnarinnar í Eþíópíu. Má einna helst líkja þessu stríði við Indókínastríðið sem bandaríska heimsvaldastefnan háði gegn frelsishreyfingum alþýðu Indókína.

Þjóðfrelsisliðar í Erítreu uppi á sovéskum skriðdreka, sem þeir hafa hertekið. Þjóðfrelsislið Erítreu berst gegn sovéskum "ráðgjöfum", kúbönskum leiguliðum og sovétstýrðu herliði Eþíópíu. Nýlega gerði Eþíópíuher árásir á landsvæði í þar sem napalmsprengjum var varpað á bæi og þorp úr MIG-þotum sovéskum. Nú er mikilvægt að styðja baráttu þjóðfrelsisaflanna í Erítreu, á sama hátt og þjóðfrelsisöflin í Indókína voru studd, og krafan er SOVÉTRÍKIN Á BROTT FRÁ AFRÍKUHORNINU (Mynd: Klassekampen)

Sovétríkin og herforingjaklíkan í Eþíópíu eiga við þrjá höfuðóvini að etja á Afríkuhorninu. Er þar fyrst að nefna frelsisstríðið í Erítreu, sem leitt er af frelsishreyfingunum ELF og EPLF. Þessar tvær hreyfingar hafa með sér náið samstarf, og er nú mestur hluti Erítreu undir þeirra stjórn. Þá er að nefna frelsisstríð Frelsishreyfingar Vestur-Sómala í Ogaden. Sú hreyfing nýtur stuðnings Sómalíu, en Sovétmenn telja sig eiga Sómölum grátt að gjalda síðan þeir sögðu upp "vináttu- og samvinnusáttmálanum" við Sovétríkin í nóvember á síðasta ári og lokuðu öllum herstöðvum þeirra og flugvöllum í landinu. Þá er síðast en ekki síst að nefna baráttu alþýðunnar í Eþíópíu, sem leidd er af Hinum byltingarsinnaða flokki eþíópískrar alþýðu (EPRP), og hefur það að markmiði að steypa herforingjaklíkunni af stóli og byggja upp alþýðulýðveldi í Eþíópíu.

Stríðið á Afríkuhorninu er háð með sovéskum vopnum, og leitt af herráði þar sem sovéskir og kúbanskir herforingjar eru til "ráðgjafar". Sovéskum skriðdrekum og öðrum sovéskum hergögnum er stjórnað af kúbönskum málaliðum, nú eru milli 10 og 11 þús. kúbanskir hermenn í Eþíópíu. Alls kyns "ráðgjafar" og sérfræðingar frá Sovétríkjunum, Kúbu og Austur-Evrópulöndunum eru í Eþíópíu til aðstoðar við stríðsrekstrurinn.

Afrkuhornið er sérlega mikilvægt fyrir Sovétríkin í komandi heimsstyrjöld. Þaðan er auðvelt að loka mikilvægum siglinga- og olíuflutningaleiðum til Evrópu, ógna olíframleiðsluríkjunum og öðrum Arabaríkjum, ásamt afrísku löndundum. Þess vegna sækjast Sovétríkin eftir yfirráðum á Afríkuhorninu. Þau ætla að ná aftur herstöðvunum í Berbera og Kismayu í Sómalíu, og þau vilja nota erítreísku hafnarborgirnar Massawa og Assab sem herstöðvar. Þetta eru ástæðurnar fyrir því að Sovétríkin berjast af slíkri hörku gegn frelsishreyfingunum. Aðeins þær frelsishreyfingar sem Sovétríkin sjá sér hag í að styðja fá stuðning þeirra.

Sovétríkin eru með stríði sínu á Afríkuhorninu að undirbúa 3.heimsstyrjöldina. Það er því mikilvægt að allir andheimsvaldasinnar berjist ötullega gegn heimsvaldastefnu Sovétríkjanna hvar sem er í heiminum, og styðja heilshugar frelsishreyfingarnar á Afríkuhorninu.

Verkalýðsblaðið mun fjalla nánar um Afríkuhornið í næstu blöðum.

# Kveðjur

KAP, Kommúníski verkamannaflokkurinn í Danmörku sendi EIK(m-l) hamingjuóskir í tilefni af 3. landsþingi samtakanna. KAP segir í kveðjunni að danskir og íslenskir marx-leníníst-ar verði að sameinast á grundvelli marx-leníníismans og heimspeki Maós Tsetúngs. Við verðum að styrkja samstöðuna milli kommúnísku flokkanna og samtakanna í öllum löndum í baráttunni við höfuðóvin alþýðunnar, risaveldin tvö, sérstaklega sovéska sósíalheimsvaldastefnu. Bréfi KAP lýkur svo :

"Lengi lifi marx-leníníisminn og heimspeki Maós Tsetungs !
Lengi lifi vináttan milli EIK(m-l) og KAP !
Félagakveðjur.
Miðstjórn KAP"

Kveðja frá EIK(m-l) til miðstjórnar Kommúnistaflokks Kína og forsætisnefndar og fulltrúa þjóðþingsins í tilefni 5.þjóðþings Kommúnistaflokks Kína

Í kveðjunni segir m.a. :

"Kommúnistar og framsækið fólk á Íslandi fagnar árangri kínverskrar alþýðu í uppbyggingu sósíalismans og velmegun þjóðarinnar og þjóðarbrota. Undir leiðsögn Kommúnistaflokks Kína og öreigastéttarinnar fer Kína leiðina sem marx-leníníisminn og hugsun Maó Tse-tungs hefur markað, eftir að gagnbyltingarklíka fjórmenninganna hefur verið brotin á bak aftur.

Við óskum ykkur velfarnaðar og velmegunar í framtíðinni.

Fyrir hönd EIK(m-l)
Ari T. Guðmundsson
formaður

## Stúdenta ...

Frh. af baksíðu

trotskista í Fylkingunni og leiðandi Alþýðubandalagsmenn (m.a. undir forystu ritskoðara Stúdentablaðsins), sem reyna að koma því inn hjá stúdentum að hagur þeirra muni allur vænkast ef ríkisstjórn "verkalýðsflokkanna" kemst á laggirnar. En við höfum ekki gleymt reynslunni af síðustu "vinstri"-stjórn.

## Samtíningur

### HVIMLEIÐ MÁLAFÁTÆKT

Það er ekki á hverjum degi sem Þjóðviljinn ræðst á "bannsetta maóistana" (þ.e. EIK(m-l)) - hvað þá að þeir fái tóninn í þremur greinum samdægurs. En 10. mars s.l. gerðist það, og ekkert til sparað. Nokkur sýni af reiðilegum skömmum Þjóðviljans út í EIK(m-l) skulu hér tilfærð: "Hvimleiður er sá siður samtaka sem nefnast EIKm-l og fleiri slíkra að lifa sníkjulífi á dögum sem þessum...", "enda yfirlýst stefna eikara að kljúfa allar sameiginlegar aðgerðir vinstri manna..", "klofningsbrölt Maóista". Öll þessi skeyti blaðsins eiga það sameiginlegt að ekki er gerð hin minnsta tilraun til þess að skýra fyrir lesendum málefnin sem um er fjallað - lesendur Þjóðviljans (sem ekki eru lesendur Verkalýðsblaðsins) fá því lítið sem ekkert að vita hvað það er sem gerir Þjóðviljanum svo gramt í geði. Liggur það beinast við hjá þeim að gerast áskrifendur að Verkalýðsblaðinu.

### ÚTVERÐIRNIR

En það er ekki bara Þjóðviljinn sem bregður fyrir sig þeirri aðferð að svara með óhljóðum þegar rökin þrýtur fyrir vondan málstað. Stéttabaráttan, málgagn útvarðarsveitar Alþýðubandalagsins sem nefnist „Kommúnistaflokkur Íslands m-l" ásakar EIK(m-l) fyrir að vera sundrungarafl í kvennabaráttunni og segir afstöðu þeirra til Sovétríkjanna vera sundrandi. „Flokkurinn", sem tekur alltaf stærri og stærri skref í átt til Kremlar, telur að kvennahreyfingunni beri ekki að taka afstöðu gegn allri heimsvaldastefnu - að meðtalinni sósíalheimsvaldastefnunni; slíkt sé sundrandi. En af hreinni illgirni ætlum við að varpa fram þessum spurningum: Hverjir sundrast frá þeirri kvennahreyfingu sem tekur afstöðu gegn sovésku heimsvaldastefnunni - og hvað skyldu konur í Eritreu, sem nú berjast með vopn í hendi gegn kúbönskum málaliðum Kremlar, segja um stöllur sínar á Íslandi sem vildu berjast gegn kúgun - en gleymdu því hverjir eru mestu kúgarar heimsins í dag.

En, eins og segir í Stéttabaráttunni, þá erum við eikarar "þrautleiðinlegir og einstrengingslegir" og erum alltaf að spyrja - og við hér á Samtíning erum þeir þrautleiðinlegustu og einstrengingslegustu eikarar sem hægt er að hafa upp á og við ítrekum því fyrri spurningu okkar um það, hverja aðra en prófessor Bjarna Guðnason ætlaði "KFÍ/ML" að fá með sér í framboð í næstu kosningum?

---

### KRATAR ALLRA FLOKKA

Stærri úrklippan er úr leiðara Þjóðviljans 3. feb. s.l. Þar er boðað að nálgast eigi lausn efnahagsvandans innan ramma auðvaldsskipulagsins. Þar utan er það víst

heildaruppskurð á öllum þjóðarbúskapnum. Ríkisstjórn hægriflokkanna hefur skapað fleiri vandamál en nokkur önnur

gegn auðstéttinni á grundvelli stéttabaráttunnar: Alþýðuflokkurinn hefur kosið að láta sér nægja að lappa upp á kapitalismann óbreyttan í grundvallaratriðum. Alþýðuflokkurinn hefur beitt sér fyrir aðild Íslands að bæna[illegible]bandalagi

la, verðbólgan erlendu skuldissukkið aldrei ildsalastéttartaranna hafa Þessum efnahagslegu staðreyndum verður að gefa gaum, til þess að komast áleiðis til lausnar vandanum -þó innan ramma auðvaldsskipulagsins sjálfs, sem auðvitað er undirrótin. Alþýðubandalagið telur að eitt meginatriði efnahagsstefnunnar eigi að

ríkisstjórnin sem býr til kreppu auðvaldsins, en ekki ósættanlegar andstæður auðvaldsskipulagsins. Þó er auðvaldið "undirrótin"...??!

Minni úrklippan er úr "Klippt og skorið" í Þjóðviljanum 2.feb. Þar fær Alþýðuflokkurinn einkunn sína fyrir að vilja "lappa upp á kapitalismann". En er ekki staðreyndin sú að bæði Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag verja öllum sínum kröftum í að stagbæta úr sér gengið og alþýðufjandsamlegt auðvaldsskipulag á Íslandi. En forystulið AB veit að það er erfitt að vera krati og þurfa að fela það!

## Samkeppni um gerð leikþátta

Menningar- og fræðslusamband alþýðu hefur ákveðið að efna til samkeppni um gerð leikþátta sem henta sýninga á vinnustöðum á fundum verkalýðsfélaga öðrum samkomum innan verkalýðshreyfingarinnar. Sýningartími sé miðaður við 15—20 mínútur. 2—leikendur og einfaldan leikbúnað.

Verðlaunaupphæð fyrir leikþátt, sem verðlaunaha þykir að mati dómnefndar er kr. 150 þúsund og skipta henni á tvo verðlaunahafa ef dómnefnd ástæðu til.

### LEIKHÚSVERK

Verkalýðsblaðið vill hvetja sem flesta verkamenn til að taka þátt í þeirri samkeppni sem hér að ofan getur um. Af nógu er að taka, t.d. um makk og stéttasamvinnu ASÍ-foringja, misheppnað upphlaup "KFÍ/ML" í Dagsbrún, kjaraskerðingaráform ríkisvaldsins, slæma vinnuaðbúð á mörgum vinnustöðum, geðþóttauppsagnir, þingsalabrölt Allaballa, próf-kjörssýndarmennsku borgaraflokkanna, fjársvikamál, gagnaskömmtun Landsbankans til Rannsóknarlögreglunnar, Jón Sólnes, væntanlegt sameiginlegt framboð "KFÍ/ML" og Fylkingarinnar í vor o.s.frv.

VERKALÝÐS BLAÐIÐ
ÁRÓÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

Málgagn EIK(m-l)
Gerist áskrifendur
Áskrift greiðist á gíró 12200-9

ÁBYRGÐARMAÐUR : ALBERT EINARSSON
1 árs áskrift: kr. 3000
1/2 árs áskrift: kr. 1500
Til útlanda: kr. 4000
Stuðningsáskrift: kr. 5000
ÖÐINSGÖTU 30, Posthólf 5186,
Reykjavík, sími: 29212

Landsbókasafnið
v/Hverfisgötu
101 REYKJAVÍK

# „Starfið í Stúdenta ráði var orðið hrein tímasóun"

## -viðtal við tvo fulltrúa í SHÍ sem sögðu af sér nýlega

Einn aðalvettvangur trotskista er Háskóli Íslands. Þar hefur stefna þeirra náð hvað mestum ítökum, og um leið valdið hvað mestum skaða. Stúdentaráð Háskóla Íslands er fulltrúasamkunda, sem ætlað er að fjalla um hagsmuni stúdenta. Undanfarin ár hafa þar barist um völd tvær fylkingar - Vaka, félag íhaldsstúdenta, og "vinstrimenn", samsafn allra til vinstri við íhaldið. "Vinstrimenn" hafa haft meirihluta undanfarin ár. Þeir sem ráðið hafa ferðinni þar eru f.o.f. endurskoðunarsinnar úr Alþýðubandalaginu og Fylkingunni. Stefna þeirra hefur verið stefna sátta og samningamakks við ríkisvaldið, án fjöldabaráttu. Í lánamálum hafa þeir haft frammi stefnu sem til þess eins hefur verið að kljúfa námsmenn í tvær andstæðar fylkingar.

Á ráðstefnu "vinstrimanna" í Háskólanum til undirbúnings kosningum til Stúdentaráðs og Háskólaráðs gerðust þau tíðindi, að tveir fulltrúar í Stúdentaráði sögðu sig úr því til að mótmæla stefnu og starfsaðferðum "vinstrimeirihlutans." Þessir fulltrúar eru Þorgeir Helgason, sem kosinn var í ráðið árið 1976, var formaður Hagsmunanefndar 76-77 og fulltrúi SHÍ í Kjarabaráttunefnd á sama tíma. Hinn er Ingólfur Á. Jóhannesson, formaður Hagsmunanefndar SHÍ frá því í nóv. s.l. Starfsvettvangur þeirra hefur því fyrst og fremst verið hagsmunamálin - lánamálin -, enda er úrsögn þeirra aðallega til komin vegna þeirra.

Vbl. náði tali af Þorgeiri og Ingólfi til að spyrja þá um ástæðu úrsagnarinnar.

- Hvers vegna sögðuð þið ykkur úr ráðinu?

- Á ráðstefnu vinstri manna þ. 12. febr. s.l. kom fram ágreiningur um stefnu og starfsaðferðir. Þessi ágreiningur hefur verið í gerjun lengi, en við höfum of lengi hallast til að breiða yfir hann. Starf EIK(m-l) í skólanum undanfarið og öll stefnumótun þeirra hefur sýnt okkur að ekkert þýðir að fela slíkt. Með þeim hætti verður engin framþróun.

Einn möguleiki hefði verið að við héldum áfram starfi í ráðinu sem óbundnir vinstrimeirihlutanum. Við töldum það óeðlilegt. Við erum kosnir í ráðið sem "vinstrimenn" á grundvelli sem við sættum okkur ekki lengur við. Meginatriðið er þó það að starf í ráðinu nú er að okkar mati hrein tímasóun. Með starfi þar mundum við ekki þjóna því meginmarkmiði baráttusinnaðra námsmanna að byggja upp fjöldasamfylkingu almennra námsmanna um sameiginlega hagsmuni sína. Sú samfylking verður að hafa baráttusinnaða stefnu gagnvart ríkisvaldinu að leiðarljósi.

- Um hvað snerist ágreiningurinn á fyrrnefndri ráðstefnu?

- Í fyrsta lagi snerist hann um afstöðuna til ríkisvaldsins, f.o.f. að við getum ekki búist við að okkur verði færðar neinar kjarabætur, heldur verðum við að berjast fyrir þeim. Við gagnrýndum forystu vinstristúdenta m.a. fyrir hugmyndir hennar um eðli ríkisvaldsins - að það breyttist ef "verkalýðsflokkar" (Alþfl. og Alþbandal.) kæmust í ríkisstjórn.

Í öðru lagi hvort leitast skuli við að fylkja námsmönnum um sameiginlegar hagsmunakröfur án tillits til skoðana á öðrum málum, - eða merkja baráttuna "sósíalístum" eins og forysta vinstrimeirihlutans vill. Margir námsmenn hafa ekki tekið afstöðu til pólitískra mála, eins og auðvalds og ríkisvaldsins almennt, en eru hins vegar fyllilega reiðubúnir til að berjast af einlægni fyrir kjarakröfum sínum. Þetta fólk hefur hræðst frá allri þátttöku í aðgerðum vegna þess að það veit af reynslu að þar eru hafðar í frammi ýmsar "róttækar" kröfur. sem það er ekki reiðubúið til að taka afstöðu með.

Í þriðja lagi er afstaðan til mikilvægis starfa í deildarfélögunum. Í vetur hafa fáir sem engir úr forystuliði vinstrimeirihlutans starfað í deildarfélögunum þrátt fyrir fjálgleg innantóm orð þar að lútandi í stefnuskrá vinstrimanna nú.

- Hvað hafið þið hugsað ykkur að gera nú?

- Í vetur höfum við tekið þátt í starfi í okkar deildarfélögum og ætlum að halda því áfram. Komið hefur í ljós að grundvöllur er fyrir eflingu deildarfélaganna. Við leggjum áherslu á að auk kjaramálanna - sem eru mikilvægustu sameiginlegu málin - sé barist fyrir hagsmunamálum innan kennslugreina og deilda, svo sem gegn óhóflegu vinnuálagi í námi.

Einnig munum við starfa að eflingu baráttustefnunnar almennt í skólanum, þannig að Stúdentaráð verði vettvangur raunverulegrar baráttu. Árangurs er ekki að vænta fyrr en það hefur tekist.

- Má þá búast við stofnun nýrrar hreyfingar námsmanna á næstunni?

- Það fer allt eftir því hvort tekst að yfirbuga þau skaðsemdaröfl sem nú ráða ferðinni, f.o.f.

Frh. á bls. 7

# Verkfallið var veik aðgerð

## -mat á starfi EIK (m-l)

Þeir lærdómar sem við drögum af "allsherjaverkfallinu" 1.og 2. mars eru bæði jákvæðir og neikvæðir. Það er auðvitað jákvætt að þrýstingur frá verkafólki og launafólki hafi neytt forystulið ASÍ og BSRB út í aðgerðir, sem jafnvel gengu út fyrir þann ramma sem vinnumálalöggjöf auðvaldsins setur kjarabaráttu launafólks. Reiði fólks og þar með verkfallið sem slíkt beindist gegn auðvaldinu og því bar að berjast fyrir því að verkafólk legði niður vinnu. Hins vegar kom á daginn, eins og Verkalýðsblaðið benti á, að þetta verkfall var veik aðgerð, eins og raunar má segja um allar kjaraaðgerðir sem ASÍ-og BSRB-forysturnar skipuleggja og miðstýra ofan frá án nokkurrar skipulagningar í verkalýðsfélögum og á vinnustöðum. Þetta allsherjaverkfall var einmitt gott dæmi um slíkt. Það var algerlega skipulagt ofan frá, það var ekki liður í heildaraðgerðum gegn kjararánslögunum og auðvaldinu og síðast en ekki síst var það liður í þeirri viðleitni "vinstri flokkanna" að knýja á um að ríkisstjórnin legði af sér, haldnar yrðu kosningar og e.t.v. opnaðist möguleiki fyrir myndun nýrrar "vinstri"stjórnar.

HVAÐ GERÐU EIK(m-l)?

EIK(m-l) lögðu upp þá línu - og leggja auðvitað enn- að forsenda sigurs í baráttunni nú, sé að verkafólkið sjálft taki forystu og skipulagningu allra aðgerða í eigin hendur og að næstu aðgerðir verði skipulagðar á grundvelli einstakra félaga og sérsambanda. Samtökin berjast fyrir því að verkafólk krefjist funda í félögunum, kjósi samninga- og verkfallsnefndir og hafni samfloti við ASÍ-forystuna í komandi kjarasamningum. Að sett verði á oddinn í samningum krafan um 145 þús. kr. í lágmarkslaun fyrir dagvinnu (þessi tala er miðuð við framfærsluvísitölu 1.febr. og fer auðvitað stöðugt hækkandi)

Á þessum grundvallaratriðum byggðist kjaramálastefna EIK(m-l) í Verkalýðsblaðinu og í dreifiritinu samtakanna á útifundinum í Reykjavík og víðar. En samtökin gerðu alvarlega villu í starfi fyrir og í verkfallinu. Ekki kom skýrt fram í áróðri samtakanna í dreifiritinu og Vbl., að samtökin hvettu fólk til að leggja niður störf og taka þannig virkan þátt í verkfallinu, um leið og bent var á veikleika þess. Þetta er villa sem samtökin gera sjálfsgagnrýni á. Önnur hlið á þessari villu var sú, að afstaða samtakanna til verkfallsins og aðgerðanna í heild var ekki meðvituð félögum þegar fyrir verkfallið og hamlaði það gegn því að samtökin gætu á samhæfðan hátt boðað stefnu sína varðandi aðgerðirnar. Þetta er einnig villa sem samtökin gera sjálfsgagnrýni á og munu vinna að því að leiðrétta þegar í stað.

Að öðru leyti má segja að samtökin hafi tekist vel útbreiðsla áróðurs á meðan á verkfallinu stóð, t.d. á útifundinum í Rvk. Félagar hafa orðið áþreifanlega varir við að afstaða samtakanna í kjaramálum nýtur hraðvaxandi stuðnings launafólks og nægir þar t.d. að benda á 5o-6o manna fund félaga í Starfsmannafélaginu Sókn á Kópavogshæli, sem samþykkti kjaramálaályktun sem tók upp öll mikilvægustu atriðin í kjaramálastefnu EIK(m-l). Þetta sýnir að stefna samtakanna er byggð á raunhæfu mati, en það krefst baráttu og fórnfýsi kommúnistanna og verkafólks alls að starfa samkvæmt henni með árangri. En árangurinn er vís og öruggur, sé starfað vel.

Varðandi BSRB er það að segja, að innan EIK(m-l) hafa farið fram litlar umræður um baráttulínu fyrir BSRB, nema allra almennustu atriðin. Þetta kom fram í Vbl. og í dreifiritinu, þar sem stefnan gagnvart BSRB var greinilega óljós og lítt markviss. Þetta er atriði sem þarf að leiðrétta og sú leiðrétting mun haldast í hendur við markvissara og öflugra starf félaga EIK(m-l) innan BSRB.

## Glímuskjálfti Sóknarforystunnar ?

# Rifti leigusamningi við Samfylkingu 1. mai

Eins og lesendur Verkalýðsblaðsins muna, var stofnfundur Samfylkingar 1. maí auglýstur með löngum fyrirvara hér í blaðinu og einnig á dreifiritum í Rvík og átti að halda hann að Freyjugötu 27 15. mars. Á fundinum í Tjarnarbúð 8. mars, var svo auglýst breyting á þessu og fundurinn boðaður 14. mars og það á Hótel Esju. Verkalýðsblaðið grennslaðist fyrir um ástæður þessa og kom eftirfarandi þá í ljós:

Félagi í frumkvæðisnefnd að Samfylkingu 1. maí fékk fundarsalinn að Freyjugötu leigðan um miðjan febrúar fyrir fund 15. mars. Samningurinn um leiguna var munnlegur,eins og gengur í hliðstæðum tilvikum, en samnið var við Starfsmannafélagið Sókn, sem nýlega festi kaup á húsinu þar sem salurinn er.

Þann 7. mars hringir starfsmaður Sóknar svo í þann sem fengið hafði húsið til leigu og tilkynnti honum að Samfylking 1. maí fengi ekki salinn, þar sem Sókn þurfi að nota hann fyrir félagsfund! Engu tauti varð komið við starfsmanninn, en á honum var að skilja að þessi ósvífna riftun á leigusamningi væri félögum úr 8. mars-hreyfingunni að kenna! Eftir því sem næst verður komist hafa starfsmenn á Kópavogshæli krafist félagsfundar í Sókn út af kjaramálum, þar af eru einhverjir sem starfað hafa í 8. mars-hreyfingunni. Starfsmannafundur á Kópavogshæli hafði örfáum dögum áður samþykkt einróma yfirlýsingu, þar sem settar voru fram kröfur um að Sókn semji sér og hafni samflotinu með ASÍ. Einnig að samið verði upp á a.m.k. 145 þús. kr. lágmarkslaun. Nú er bara spurningin sú, hvort forystu Sóknar hafi flogið í hug að hægt væri að etja saman aðstandendum 8. mars-hreyfingarinnar og Samfylkingar 1. maí, sem allir starfa að útbreiðslu baráttustefnunnar, eða etja saman aðstandendum Samfylkingarinnar og andstöðuliði Sóknarforystunnar á Kópavogshæli. Á þetta skal enginn dómur lagður, en hvort sem hæfa er fyrir þessu eða ekki, þá hvetjum við baráttufólk í Sókn til að svara þessum starfsaðferðum forystunnar með því að herða enn andófið í stéttasamvinnunni í félaginu og fylkja sér undir merki Samfylkingar 1. maí!

## Stéttabaráttan

Framhald af bls. 2

risaveldunum. "KFI/ML" tók ekki opinbera afstöðu með nefndinni, og hundsaði fund hennar í hljóði, en samfylkti með trotskístum Fylkingarinnar, Enn er leikið tveimur skjöldum.

EIK(m-l) áttu frumkvæði að stofnun 8.mars-hreyfingarinnar í kvennabaráttunni. "KFI/ML" sendir félaga sína þangað, hundsar hreyfinguna í blaðinu, en starfar með og hampar grauthreyfingu Rauðsokka. Enn sami tvískinnungurinn.

Þetta kallast hentistefna á Íslensku.

## Munið fræðslufundinn 15. apríl

Síðasti fræðslufundur EIK(m-l) í Reykjavík á vetri verður haldinn í sal prentara að Hverfisgötu 21 laugardaginn 15. apríl og hefst kl. 14.00. Þar verður fjallað um uppbyggingu forystuafls verkalýðsins, Kommúnistaflokkinn, og um Alþýðubandalagið og sögu hinnar sósíalísku hreyfingar. Tvær framsöguræður verða um málið, en síðan verða umræður í hópum og menningarefni skotið inn á milli. Fjölmennum og hvetjum fólk til að mæta!